

**LÖG**  
**um breytingu á lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma**  
**og varnir gegn þeim, með síðari breytingum**  
**(viðaukar og reglugerðarheimild).**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „smitsjúkdóm, sem tilgreindur er í viðaukum 1A og 1B með lögum þessum“ í 1. másl. 2. mgr. kemur: tilkynningarskyldan sjúkdóm, sbr. reglugerð skv. 2. mgr. 7. gr.
- b. Í stað orðanna „sem tilgreindur er í viðauka 2“ í 3. mgr. kemur: sem er skráningarskyldur sjúkdómur, sbr. reglugerð skv. 2. mgr. 7. gr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „sem tilgreindir eru í viðaukum 1A og 1B“ kemur: sem eru tilkynningarskyldir, sbr. reglugerð skv. 2. mgr.
- b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
Ráðherra skal setja reglugerð um flokkun smitsjúkdóma. Þar skal tilgreina hvaða sjúkdómar eru tilkynningarskyldir og hvaða sjúkdómar eru skráningarskyldir. Þá skal flokka tilkynningarskylda sjúkdóma í alvarlega sjúkdóma eða aðra sjúkdóma, eftir því sem við á.

3. gr.

Í stað orðanna „þeirra dýrasjúkdóma sem taldir eru upp í viðaukum 1A, 1B og 2“ í 1. másl. 8. gr. laganna kemur: tilkynningarskyldra og skráningarskyldra sjúkdóma, sbr. reglugerð skv. 2. mgr. 7. gr.

4. gr.

Í stað orðanna „sjúkdómum sem taldir eru upp í viðauka 1A með lögum þessum“ í 1. másl. 17. gr. laganna kemur: alvarlegum tilkynningarskyldum sjúkdómum sem taldir eru upp í reglugerð ráðherra skv. 2. mgr. 7. gr.

Nr. 4

23. janúar 2014

5. gr.

Í stað orðanna „taldir eru upp í viðauka 1A“ í 18. gr. laganna kemur: alvarlegum tilkynningarskyldum sjúkdómum sem taldir eru upp í reglugerð ráðherra skv. 2. mgr. 7. gr.

6. gr.

Viðaukar 1A, 1B og 2 við löginn falla brott.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 23. janúar 2014.*

**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson. Einar K. Guðfinnsson. Markús Sigurbjörnsson.**

(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Sigurður Ingi Jóhannsson.*

\_\_\_\_\_  
A-deild – Útgáfud.: 24. janúar 2014